

### **b.t. Skipulags- og samönguráð**

**Efni :** Umsögn vegna tillögu Bjarkar Arnardóttur um bætt hjólastólaaðgengi í grunnskólum og félagsmiðstöðvum.


Á fundi skipulags- og samönguráðs 3. nóvember 2021 var;  
*Lagt fram bréf borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna, dags. 16. júní 2021, þar sem lagt er til að borgarstjórn feli aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks að yfirfara aðgengi fyrir hjólastóla í grunnskólum og félagsmiðstöðvum fyrir árslok 2021 og gera tillögur að úrbótum til umhverfis- og skipulagssviðs sem skal ljúka úrbótum fyrir árslok 2022. Tillagan var lögð fram á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 og vísað til umsagnar skipulags- og samönguráðs.*

Erindinu var: *Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.*

#### **Umsögn:**

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds hefur á síðustu árum, í samráði við Aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks í Reykjavík, unnið að því að bæta aðgengi fatlaðs fólks í grunnskólum borgarinnar, m.a. með gerð aðgengisúttekta á skólahúsnæði. Áfram verður unnið að þeim úrbótum í samræmi við fjárveitingar til málaflokksins. Til grundvallar þeirri vinnu verður á árinu 2022 unnin áfangaskipt aðgerðaráætlun um til framtíðar.

*Bragi Bergsson  
verkefnastjóri,  
deild opinna svæða,  
skrifstofa framkvæmda og viðhalds,  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.*



Reykjavík, 16. júní 2021  
R21060147  
250  
ívs

## Skipulags- og samgönguráð

Borgartúni 12 - 14  
105 REYKJAVÍK

### ***Tillaga Bjarkar Arnardóttur, fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um bætt hjólastólaaðgengi í grunnskólum og félagsmiðstöðvum***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Bjarkar Arnardóttur frá ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða:

Lagt er til að borgarstjórn feli aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks að yfirfara aðgengi fyrir hjólastóla í grunnskólum og félagsmiðstöðvum fyrir árslok 2021 og gera tillögur að úrbótum til umhverfis- og skipulagssviðs sem skal ljúka úrbótum fyrir árslok 2022.

#### **Greinargerð:**

Einstaklingar sem notast við hjólastól í daglegu lífi eiga að hafa jafnt aðgengi og ófatlaðir að félagsmiðstöð og grunnskóla. Á Íslandi er skólaskylda en erfitt er að fylgja henni eftir þegar einstaklingur sem notast við hjólastól hefur ekki aðgengi að byggingu skólans. Börn og unglingar hafa rétt á því að sækja starf á vegum félagsmiðstöðva en í mörgum þeirra er hjólastólaaðgengi af skornum skammti og úr því verður að bæta.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skipulags- og samgönguráðs.


Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

#### **Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.**

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og

frístundasviði.

Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skipulags- og samgönguráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal  
e.u.